Nr. 29.
11. júlí.

# Lög

um

styrktarsjóði handa alþýðufólki.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóði handa heilsubiluðu og ellihrumu alþýðufólki.

2. gr.

Sjóði þessa skal stofna á þann hátt, að allir karlar og konur, sem eru fullra 20 ára og ekki yfir 60 ára, og eru hjú, þar á meðal börn hjá foreldrum, eða þeir, sem vinna fyrir sjer í lausamennsku, skulu greiða á ári hverju, karlmaður 1 kr. og kvennmaður 30 a. Þó skulu undanþegnir gjaldi þessu fjelausir menn, sem fyrir ómaga eða ómögum hafa að sjá, sem og þeir, er fyrir heilsubrest eða af öðrum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaupi; sömuleiðis þeir, sem á einhvern hátt hafa tryggt sjer fje til framfærslu eptir að þeir eru orðnir 65 ára að aldri.

3. gr.

Gjald þetta greiðist fyrir hvert liðið vistarár, á þann hátt, að hver húsráðandi inni gjaldið af hendi fyrir alla, er hjá honum hafa heimili haft það ár og gjaldskyldir eru, en rjett er húsbændum að halda gjaldi þessu eptir af kaupi þeirra, er vinna hjá þeim

4. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok marzmánaðar ár hvert senda viðkomandi hreppstjóra skýrslu um alla þá, sem gjaldskyldir eru í hreppnum eptir lögum þessum, en í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslnr þessar og senda þær fyrir sama tíma til oddvita bæjarstjórnarinnar; gefa skal hlutaðeigendum kost á, að kynna sjer skýrslur þessar fyrri hluta aprílmánaðar.

# Lov

Nr. 29.
11te
Juli.

om

## Understøttelseskasser for Almuesfolk.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I hver Kjøbstad og Rep i Landet skal der oprettes en Understøttelseskasse for svagelige og aldrende Almuesfolk.

§ 2.

Disse Understøttelseskasser oprettes paa den Maade, at ethvert Tjenestetyende, saavel Mænd som Kvinder, der har fyldt 20 Aar og ikke er over 60 Aar, deriblandt Børn, som ere hos deres Forældre, og Personer, der tjene deres Livsophold som Løsemænd, skal aarlig betale, en Mandsperson 1 Kr og en Kvinde 30 Øre. Dog undtages herfra uformuende Personer, hvem Forsørgelse af en eller flere Trængende paahviler, samt de, der formedelst Sygdom eller af andre Grunde ikke kunne fortjene Løn, og endelig de, der paa en eller anden Maade have forsikkret sig Forsørgelse efter 65 Aars Alderen.

§ 3.

Afgiften betales for det forløbne Tjenesteaar saaledes, at enhver Husfader erlægger den for alle Afgiftspligtige, der i det forløbne Aar have havt deres Hjem hos ham; han er derimod berettiget til, naar de Vedkommende arbejde hos ham, at tilbageholde Afgiften i deres Løn.

§ 4.

Repsforstanderskaberne have inden Udgangen af hvert Aars Marts Maaned at tilstille vedkommende Repstyrer Fortegnelse over alle ifølge nærværende Lov afgiftspligtige Personer i Reppen. I Kjøbstæderne affatte 3 Mænd, som Kommunalbestyrelsen vælger dertil af sin Midte, Fortegnelserne og tilstille Kommunalbestyrelsens Formand dem inden samme Tid. Der skal gives de Paagjældende Lejlighed til i den første Halvdel af April Maaned at gjøre sig bekjendte med Fortegnelserne.

Nr. 29.
11. júlí.

5. gr.

Nú álítur einhver sig ranglega talinn á gjaldskrá, er honum þá rjett að kæra það mál fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er hefur fullnaðar-úrskurð í því.

6. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar en í sveitum hreppstjórar innheimta gjaldið á framtalsþingum á vorin, og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Fyrir ómak sitt ber þeim 4% af hinu innheimta gjaldi.

7. gr.

Hin fyrstu 10 ár eptir að slíkur sjóður er stofnaður í hverju sveitarfjelagi, leggst hið árlega gjald allt við höfuðstólinn ásamt öllum vöxtum, en frá þeim tíma leggst það að eins hálft við höfuðstólinn og hálfir vextirnir, en hinum helmingnum af hinu árlega gjaldi og vöxtunum skal árlega úthluta; skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir úthluta upphæð þessari heilsulitlum eða ellihrumum fátæklingum, sem heimili eiga í sveitarfjelaginu og eigi þiggja sveitarstyrk, án tillits til, hvar þeir eiga framfærslusveit, enda sjeu þeir eða hafi einhverntíma verið í þeim stjettum, sem gjaldskyldar eru til styrktarsjóðanna.

8. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í hreppunum hreppstjórar, hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskilríki þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og kýs bæjarstjórnin eða hreppsnefndin tvo menn til að endurskoða þá. Verði nokkur ágreiningur um athugasemdir endurskoðenda, fellir hlutaðeigandi amtmaður úrskurð um reikninginn, þar sem kaupstaðirnir eiga hlut að máli, en sýslunefnd úrskurðar reikningana úr hreppunum. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin amtmanni árlega skýrslu um hag styrktarsjóðanna; samskonar skýrslu sendir hreppsnefndin til oddvita sýslunefndarinnar.

9. gr.

Amtmenn hafa í kaupstöðum og sýslunefnd í hreppunum eptirlit með, að lögum þessum sje hlýtt.

10. gr.

Gjald þetta má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 11. júlí 1890.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*J. Nellemann.*

§ 5.

Naar Nogen anser sig for ulovlig opført paa Fortegnelsen, kan han indgive Klage til vedkommende Repsforstanderskab eller Kommunalbestyrelse, der ved sin Kjendelse endelig afgjør Sagen.

§ 6.

I Kjøbstæderne skulle Byfogderne og i Repperne Repstyrerne indkræve Afgiften paa Foraars-Repsthingene og derefter indsætte den til Forrentning i Sparebankens Hovedafdeling. For deres Ulejlighed oppebære de 4% af den indkrævede Afgift

§ 7.

De første 10 Aar efter Oprettelsen af en saadan Kasse i hver Kommune lægges den hele aarlige Afgift tilligemed alle Renter til Kapitalen, men fra den Tid af lægges kun Halvdelen af den aarlige Afgift og af Renterne til Kapitalen, medens den anden Halvdel af Kommunalbestyrelser og Repsforstanderskaber fordeles blandt svagelige eller aldrende Trængende, der have hjemme i Kommunen og ikke nyde Fattigunderstøttelse, uden Hensyn til hvor de ere forsørgelsesberettigede, saafremt de tilhøre eller engang have tilhørt de til Understøttelses-kasserne afgiftspligtige Klasser.

§ 8.

I Kjøbstæderne skulle Byfogderne og i Repperne Repstyrerne føre Kassernes Regnskaber samt opbevare deres Adkomstdokumenter. Kasseregnskaberne for hvert Aar skulle inden Udgangen af Januar Maaned tilstilles vedkommende Kommunalbestyrelse eller Repsforstanderskab, der vælger to Mænd til at revidere dem. Saafremt der angaaende Revisorernes Antegnelser opstaar nogen Uenighed, deciderer vedkommende Amtmand Regnskaberne fra Kjøbstæderne, medens vedkommende Sysselforstanderskab decideter Regnskaberne fra Repperne. I Kjøbstæderne tilstiller Kommunalbestyrelsen Amtmanden en aarlig Beretning om Understøttelseskassernes Status, og en tilsvarende Beretning tilstilles af Repsforstanderskaberne vedkommende Sysselforstanderskabs Formand.

§ 9.

I Kjøbstæderne føre Amtmændene og i Repperne Sysselforstanderskaberne Tilsyn med, at nærværende Lov overholdes.

§ 10.

For Afgiften kan Udpantning finde Sted overensstemmende med Lov af 16. December 1885.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 11te Juli 1890.**

**Under Vor kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*